

beiðandi því ekki hafa verið í góðri trú. Í öðru lagi hafi Sigurjón Jónsson keypt húsið þann 25. ágúst s. l., en þá hafi ekki verið húið að afhenda rskj. nr. 5 til þinglestrar og standi réttur uppboðsbeiðanda því að baki rétti Sigurjóns, og í þriðja lagi sé umrætt bréf til tryggingar 40 þús. kr. láni uppboðsbeiðanda til útgefanda bréfsins, en ekki 80 þús. kr.

Uppboðsbeiðandi hefur mótmælt þessari frestbeiðni, og hafa aðiljar lagt ágreininginn undir úrskurð réttarins.

Nauðungaruppboð á húseign þessari var auglýst í Lögbirtinga-
blaðinu 26. febr., 5. og 12. marz þ. á., og virðist frestbeiðandi því hafa haft nægan tíma til öflunar gagna til stuðnings aðalkröfu sinni, en engin slík gögn liggja nú fyrir. Með tilliti til þessa svo og þess, að ekki þykja nægar líkur að því leiddar, að framangreindar máls-
ástæður geti haft áhrif á framgang uppboðsins, og framlögð skjöl eru í samræmi við kröfu uppboðsbeiðanda, þá þykir ekki, eins og á stendur, unnt að taka framangreinda frestbeiðni til greina.

Því úrskurðast:

Hinn umbeðni frestur verður ekki veittur.

Föstudaginn 30. apríl 1943.

Nr. 131/1942. **Réttvísín** (Ólafur Þorgrímsson)

gegn

Þóroddi Guðmundssyni (Theódór B. Línal).

Brot gegn 108. gr. hegningarlaga nr. 19/1940.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóm hefur upp kveðið Jón Sigurðsson cand. jur.,
setudómari samkvæmt umboðsskrá.

Guðmundur Hannesson, bæjarfógeti á Siglufirði, gerði í nóvember 1935 fyrir hönd bæjarstjórnar Siglufjarðar sér-
leyfissamning um framleiðslu og sölu rafmagns á Siglufirði
við I. C. Möller f. h. fjöggra félaga í Kaupmannahöfn, en h/f
Skeiðfoss gekk síðar inn í samning þenna. Einu til tveimur
árum síðar keypti Guðmundur Hannesson rafeldavél af
I. C. Möller fyrir 550—570 krónur, og um sama leyti gaf
I. C. Möller honum rafofn, sem talinn er 30—35 króna virði.

Þann 8. janúar 1942 ber ákærður fram í blaði sínu fyrirspurn þá, sem hann er saksóttur fyrir. Með því að fyrirspurn þessi er til þess löguð að gera starf bæjarfógetans tortryggilegt í augum almennings, en hefur ekki við rök að styðjast, að því er aðalverðmætið varðar, þá hefur kærður gerzt brotlegur við 108. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsingin hæfilega ákveðin í hinum áfrýjaða dómi.

Þar sem hvorki hefur verið stefnt til ómerkingar né greiðslu sakarkostnaðar, þá verða ummælin ekki ómerkt, og verður að leggja sakarkostnað allan á rikissjóð, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 200.00 til hvors.

Rannsókn máls þessa er ónákvæm að ýmsu leyti. Sérstaklega er það aðfinnsluvert, að ekki hefur verið lagt fram eintak af blaði því, er hin átöldu ummæli birtust í. Þá er það og mjög vitavert, að ákærða hefur ekki verið stefnt til greiðslu málskostnaðar né ómerkingar ummæla. Loks er atvikalýsingu í héraðsdómi áfátt, og ekki er þess getið í niðurstöðu hans, hver bera eigi sakarkostnað.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Þóroddur Guðmundsson, greiði 200 króna sekt í rikissjóð, og komi 5 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur kostnaður sakarinnar, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, greiðist úr rikissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Ólafs Þorgrímssonar og Theódórs B. Lindsals, 200 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Siglufjarðar 15. okt. 1942.

Mál þetta, sem var dómtekið þann 31. júlí s. l., er höfðað samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðuneytisins og með stefnu, útgefinni þann 29. júlí s. l., gegn ákærðum, Þóroddi Guðmundssyni, ábyrgðar-

manni vikublaðsins „Mjöltnis“, Siglufirði, til refsingar eftir XII. og XXV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 1940.

Málsatvik eru þessi: Í vikublaðinu „Mjöltni“ 1. tbl. 5. árgangs, sem út kom á Siglufirði þann 8. jan. 1942, birtist smágrein undir fyrirsögninni: „Hvernig gat hann setið á sér?“ Síðast í grein þessari stendur: „Ég (sic) hvernig var það, er það satt, að I. C. Möller hafi gefið þér rafofn og rafeldavél?“

Með bréfi, dags. 16. jan. 1942, til dómsmálaráðuneytisins hefur Guðmundur Hannesson, bæjarfógeti í Siglufirði, krafizt þess, að opinber rannsókn yrði hafin gegn ábyrgðarmanni blaðsins, ákærða í máli þessu, og krafizt þess, að hann yrði dæmdur til refsingar fyrir ummæli þessi eftir XXV. kafla alm. hegningarlaga og 108. gr. sömu laga. Að undangenginni þessari rannsókn ákvað svo dómsmálaráðuneytið með bréfi, dags. 17. júlí s. l., að höfða skyldi mál þetta gegn ákærðum, eins og áður getur.

Við rannsókn málsins hefur Guðmundur Hannesson haldið því fram, að tilfærð setning úr nefndri blaðagrein hafi komið þeim orðrómi af stað í bænum, þ. e. Siglufjarðarkaupstað, að hann hafi þegið í mútur af I. C. Möller eða H/F. Skeiðfoss rafofn og rafeldavél. Guðmundur Hannesson hefur þó eigi getað fært rök fyrir þessari staðhæfingu sinni og eigi heldur getað tilgreint neina, er hafi sagt honum, að þessi orðrómur gengi um bæinn, en heldur því þó fram, að margir hafi sagt sér þetta.

Ákærður hefur haldið því fram, að hann hafi heyrt orðróm í bænum um það, að I. C. Möller eða H/F Skeiðfoss hafi gefið Guðmundi Hannessyni rafofn og rafeldavél, en að þessi orðrómur sé eldri en blaðagreinin, og séu hin tilfærðu orð greindrar blaðagreinar sett fram aðeins til þess að fá svar Guðmundar Hannessonar við því, hvort þessi orðrómur sé réttur eða ekki. Hins vegar getur ákærður eigi tilgreint neina ákveðna menn, er hafi sagt sér frá þessum orðróm, en heldur þó fast við það, að hann hafi oft heyrt þetta sagt. Ákærður kveðst hafa skrifað umrædda blaðagrein, en síðar kveður hann sig ekki hafa skrifað hana, en hefur þó eigi getað nafngreint neinn annan, er hafi skrifað hana. Verður því að telja, að hann beri ábyrgð á greininni.

Enda þótt það þyki eigi sannað, að tilgreind orð nefndrar blaðagreinar hafi komið af stað orðrómi um það, að Guðmundur Hannesson hafi fengið rafofninn og rafeldavélina að gjöf, þá þykir þó upplýst af rannsókn málsins, að orðrómur hafi gengið í bænum um þetta. Ákærður hefur sagt við rannsókn málsins, „að ef það sé rétt, að Guðmundur Hannesson hafi fengið þessa gripi (þ. e. rafofnina og rafeldavélina) að gjöf, þá sé það sennilegasta skýringin á því, að það hafi verið mútur.“

Af framansögðu þykir því ljóst, að tilgreind setning: „Ég (sic) hvernig var það, er það satt, að I. C. Möller hafi gefið þér rafofn

og rafeldavél?“, sé sett fram í þeim tilgangi og á refsiverðan hátt að viðhalda og útbreiða þenna orðróm. Af þeim ástæðum hefur ákærður orðið sekur um lagabrot, og verður því eigi sýknukrafa hans né heldur málskostnaðarkrafa til greina tekin.

Brot ákærða, Þórodds Guðmundssonar, Siglufirði, þykir réttilega heimfært undir 235. gr. alm. hegn.laga nr. 19 12. febr. 1940 og refsing hans hæfilega ákveðin með tilliti til efnahags ákærða 200 króna sekt í rikissjóð, og komi 5 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en sé sýkn af frekari ákæru réttvisinnar í máli þessu. Eftir atvikum þykir rétt, að kostnaður þessa máls greiðist úr rikissjóði. Ákærður, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna, hefur áður sætt eftirfarandi dómum og ákærum:

Samkvæmt dómi Hæstaréttar 22. febr. 1935: 3ja mánaða einfalt fangelsi fyrir brot gegn 83. gr. 4. mgr. sbr. 48. gr. hegn. laganna.

Samkvæmt dómi Hæstaréttar 24. nóv. 1937: 5 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 99. gr. 1. mgr. hegn.laganna og lögreglusamþykkt Siglufjarðarkaupstaðar.

Samkvæmt dómi Hæstaréttar 20. des. 1940. Sýknað fyrir meint brot gegn 102. gr. hegn.laganna.

Verulegur dráttur hefur orðið á uppkvaðningu dóms þessa, en hann þykir réttlættur með því, að dómarninn, sem búsettur er í Reykjavík, hefur vegna anna eigi komið því við fyrr en nú að gera sér ferð til Siglufjarðar, en rétt þótti að kveða dóminn upp þar.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Þóroddur Guðmundsson, Siglufirði, greiði 200 króna sekt í rikissjóð fyrir brot gegn 235. gr. 1. nr. 19 12. febr. 1940, og komi 5 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá uppkvaðningu dóms þessa, en sé sýkn af frekari ákæru réttvisinnar í máli þessu. Dómnum ber að fullnægja með aðför að lögum.